

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um einkennibúninga, merki og búnað lögreglumanna,
nr. 528 18. ágúst 1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Fyrirsögn töluliðar 9.2 orðast svo: **Afleysingamenn og héraðslögreglumenn.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. kafla reglugerðarinnar:

- a. Fyrirsögn töluliðar 11.3 orðast svo: **Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar lögreglustjóra.**
- b. Töluliður 11.4 fellur brott og breytist röð liða samkvæmt því.
- c. Fyrirsögn töluliðar 11.5, er verður töluliður 11.4, orðast svo: **Yfirlögregluþjónar.**
- d. Fyrirsögn töluliðar 11.6, er verður töluliður 11.5, orðast svo: **Aðstoðaryfirlögregluþjónar.**
- e. Fyrirsögn töluliðar 11.7, er verður töluliður 11.6, orðast svo: **Aðalvarðstjórar/Lögreglufulltrúar.**
- f. Fyrirsögn töluliðar 11.8, er verður töluliður 11.7, orðast svo: **Varðstjórar/Rannsóknarlögreglumenn.**
- g. Fyrirsögn töluliðar 11.9, er verður töluliður 11.8, orðast svo: **Aðstoðarvarðstjórar.**
- h. Töluliðir 11.10, 11.11, 11.12, 11.13 og 11.14 falla brott.
- i. Tveir nýir töluliðir bætast við, svohljóðandi:

11.9 Lögreglumenn.

Á smeygnum skal vera einn gylltur borði, 6 mm, nær axlarbrún og einn borði, 3 mm, nær kraga.

11.10 Lögreglunemar, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn.

Á smeygnum skal vera einn gylltur borði, 3 mm, nær kraga.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 40. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. ágúst 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.



Stöðueinkenni og merki lögreglunnar

Stöðuheiti	Lögreglu- númer	Einkennis- húfa 1	Einkennis- húfa 2	Axlar- spróti jakka 1	Axlar- smeygur	Kragahorn á jakka 1	Ermar á jakka	Armmerki	Húfumerki
Ríkislögreglustjóri									
Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins									
Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar lögreglustjóra									
Yfirlögregluþjónar	X								
Aðstoðaryfir lögregluþjónar	X								
Aðalvarðstjórar/lögregluflutritar	X								
Varðstjórar/frannsóknarlögreglumenn	X								
Aðstoðarvarðstjórar	X								
Lögreglumenn	X								
Lögreglunemar, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn	X								